

VATNSVINNSLA VIÐ HÓLMKELSÁ, FYRIR RIF, SNÆFELLSBÆ Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að vatnsvinnsla við Hólmkelsá, fyrir Rif, Snæfellsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. neysluvatnsreglugerð nr. 536/2001. Afla þarf heimildar veiðimálastjórnar Matvælastofnunar, vegna framkvæmdarinnar í samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Snæfellsbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. júní 2008.

22. maí 2008

INNGANGUR

Þann 27. febrúar 2008 barst Skipulagsstofnun tilkynning VST hf., fyrir hönd Snæfellsbæjar, um vatnsveituframkvæmdir við Hólmkelsá í Snæfellsbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og liðum 10 c og 10 j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Snæfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, iðnaðarráðuneytis, Matvælastofnunar- veiðimálastjórn, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Snæfellsbæ með bréfi dags. 27. mars 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 3. mars 2008, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 6. mars 2008, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 12. mars 2008, Matvælastofnunar- veiðimálastjórn með bréfi dags. 10. mars 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 13. mars 2008 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 14. mars og 16. maí 2008. Frekari upplýsingar bárust frá VST hf., f.h. Snæfellsbæjar með bréfi dags. 2. maí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Virkjuð verða tvö lindasvæði, sem eru um 4 km sunnan við Rif og stutt frá núverandi vatnsbóli. Efri lindir eru í 130 m hæð. Minnsta melda rennsli úr þeim er rúmlega 20 l/s og flutningsgeta lagnar frá þeim verður um 30 l/s. Neðri lindir eru í 71 m hæð. Minnsta melda rennsli úr þeim er tæplega 20 l/s og flutningsgeta lagnar frá þeim er rúmlega 20 l/s. Gert er ráð fyrir að skurður fyrir vatnslögn verði að jafnaði 1,5 m djúpur og mest um 2,5 m djúpur og sverleiki lagna 200-250 mm. Efni úr skurðinum verður notað í lagningu um 3,5 m breiðrar vegslóðar meðfram honum, sem er nauðsynleg vegna framkvæmdarinnar. Þar sem lögn verður yfir hraun, á um 500 m kafla frá hvoru lindasvæði, er gert ráð fyrir að skurðurinn verði 0,6-0,8 m breiður í botninn en allt að 2,0-2,5 m við yfirborð. Gert er ráð fyrir að breidd raskaðs svæðis, skurðar og vegslóðar verði 8-10 m. Að framkvæmd lokinni er gert ráð fyrir að efni úr skurðinum fari í hann aftur, yfirborð jafnað og grætt upp með sömu tegundum gróðurs og eru á svæðinu.

Áhrif á núverandi landnotkun. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur ekki fram að framkvæmdin hafi áhrif á núverandi landnotkun.

Áhrif á landslag. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að skurðstæði austan Hólmkelsár verði vart sjáanlegt tveimur árum eftir að framkvæmdum lýkur miðað við reynslu af hliðstæðri framkvæmd í Grábrókarhrauni.

Áhrif á gróður og fugla. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er vísað í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands; *Gróður á framkvæmdasvæði vatnsveitu að Rif*. Þar kemur m.a. fram að gróðurfar við sjávarlónin, þar sem sjávarfalla gætir, er sérstætt og því megi ekki spilla. Í bréfi VST hf., dags. 14. febrúar 2008, kemur fram að vatnslögnin verði á vegsvæði, milli vegar og lóns og engin umferð tækja verði lónmegin við lögnina sem einnig sé hægt að færa nær veginum að fengnu samþykki Vegagerðarinnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir einnig á að gæta verði varúðar þar sem farið verði yfir hraun því gróðurfar þeirra sé sérlega viðkvæmt og bent er á mikilvægi þess að ekki verði búin til stór sár í gróðurþekju hraunanna þar sem leiðslan verði lögð. Í bréfi VST hf., dags. 14. febrúar 2008, kemur fram að framkvæmdaraðili geri sér fulla grein fyrir viðkvæmum gróðri hraunanna og að áhersla verði lögð á að lágmarka allt jarðrask.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir einnig á að heimildir séu fyrir því að á tjörnunum fyrir ofan fyrirhugaða verksmiðjulóð sé mikilvægur viðkomustaður ýmissa fugla vor og haust. Tryggja verði að framkvæmdin spilli ekki ofangreindu svæði. Í bréfi VST hf., dags. 14. febrúar 2008, kemur fram að vatnslögnin fari ekki inn á umrætt fuglasvæði, en nærri því og að framkvæmdir verði tímasettar þar þannig að fuglalíf truflist ekki.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að minjavörður Vesturlands geri ekki athugasemd við framkvæmdina.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995-2015.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja nægt vatn í hæsta gæðaflokki og til langs tíma fyrir fyrirhugaða vatnsverksmiðju á Rífi. Að mati VST hf. mun framkvæmdin ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Snæfellsbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit vesturlands, iðnaðarráðuneytið, Matvælastofnun- veiðimálastjórn, Orkustofnun og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að ákveðnar reglur gilda um alla starfsemi á vatnsverndarsvæði sbr. ákvæði 12.- 15. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um vernd gegn mengun vatns.

Áhrif á náttúruafar. Matvælastofnun-veiðimálastjórn, bendir á að vatnsrennsli Hómkelsár mun skerðast um ríflega 40 lítra á sekúndu við þessa aðgerð til viðbótar því vatni sem áður hefur verið tekið og því sé nauðsynlegt að framkvæmdaraðili leiti eftir heimild vegna þessarar framkvæmdar í samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.

Umhverfisstofnun óskaði frekari skýringa varðandi tvö megin atriði:

Í fyrsta lagi hvort mögulegt sé að taka einungis vatn úr lindum austan við austustu hrauntungu Skarðshrauns og taka vatnið með öðrum hætti t.d. úr borholum, sem fæli í sér að ekki þyrfti að raska austustu hrauntungu Skarðshrauns. Allar framkvæmdir í hrauninu muni valda óafturkræfum og neikvæðum áhrifum og vakin er athygli á því að eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Fyrirhuguð framkvæmd sé einnig innan svæðis nr. 223 á náttúruminjaskrá og verndargildi þess svæðis sé m.a. talið felast í eldstöðvum og hrauni frá nútíma.

Í öðru lagi ætti að gera grein fyrir hvar efni til slóðagerðar verður tekið, hvað átt sé við með viðurkenndum námum og einnig vanti upplýsingar um efnismagn.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki er mögulegt að taka einungis vatn úr lindum austan við austustu hrauntungu Skarðshrauns þar sem það er ekki nægjanlegt. Þá er skýrt út í greinargerð hvernig þyrfti að standa að vinnslu vatnsins úr borholum.

Ljóst er að það myndi ekki leiða til verulega minni röskunar á austustu hrauntungu Skarðshrauns en fyrirhuguð lagning á vatnslögn yfir það mun valda. Þá er bent á að með viðurkenndri námu er átt við stað þar sem opinberir aðilar og landeigandi hafa heimilað efnistöku en það komi í hlut væntanlegs verktaka að semja við eiganda viðkomandi námu um efnistöku. Þekktar námur eru í fjörunni milli Ólafsvíkurennis og Rífs og einnig upp með Laxá. Vegagerðin, Snæfellsbær og einstaklingar hafa tekið efni úr þessum námum í áratugi. Gert er ráð fyrir að aðflutt mól í vegslóða, framkvæmdir á lindasvæði og skurði geti orðið 8.000 m³ og sandur og drenmöl um 3.000 m³. Heildarefnismagn úr námum verði líklega um 11.000 m³.

Umhverfisstofnun bendir á að fengnum svörum framkvæmdaraðila að helstu umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar séu væntanlega sjónræn áhrif vegna jarðrasks. Úr þessum áhrifum sé hægt að draga með því að velja heppilega lagnaleið og vanda jarðvinnu og frágang. Stofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér ef vel verði staðið að verki og gengið vel frá röskuðum svæðum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða virkjun tveggja lindasvæða, um 4 km sunnan við Rif og stutt frá núverandi vatnsbóli. Gert er ráð fyrir að lagnir geti flutt allt að 50 l/s. Skurður fyrir vatnslagnir verði að jafnaði 1,5 m djúpur og mest um 2,5 m djúpur og efni úr honum verður notað í vegslóð meðfram honum sem er nauðsynleg vegna framkvæmdarinnar. Þar sem lögn verður yfir hraun, á um 500 m kafla frá hvoru lindavæði, er gert ráð fyrir að skurðurinn verði 0,6-0,8 m breiður í botninn en allt að 2,0-2,5 m við yfirborð. Gert er ráð fyrir að breidd raskaðs svæðis, skurðar og vegslóðar verði 8-10 m. Að framkvæmd lokinni er gert ráð fyrir að efni úr skurðinum fari í hann aftur, yfirborð jafnað og grætt upp með sömu tegundum gróðurs og eru á svæðinu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 10 c og 10 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á núverandi landnotkun. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á núverandi landnotkun séu óveruleg.

Áhrif á náttúrufar. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar Hómkelsár verði ekki veruleg en framkvæmdaraðili þarf að leita eftir heimild Matvælastofnunar í samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Skipulagsstofnun telur ljóst að framkvæmdin mun hafa nokkur áhrif á jarðmyndanir, einkum Skarðshraun og gróður við virkjun linda, lagningu vegar og vatnslagna en þau áhrif verði ekki verulega neikvæð enda verði staðið að verki á þann hátt sem lýst er í gögnum framkvæmdaraðila og vandað til frágangs.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Snæfellsbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Snæfellsbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð vatnsvinnsla Snæfellsbæjar úr lindum við Hólmkelsá sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Snæfellsbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. júní 2008.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson